

Umhirða skóga

KYNNING Á UMHIRÐUADGERÐUM FYRIR FÉLAG LANDNEMA Á FELLSMÖRK.

VALDIMAR REYNISSON

SKÓGFRÆÐINGUR

S: 8478324

EMAIL: VALDIMARREYNISSON@GMAIL.COM

Inngangur

- ▶ Þegar skógur vex úr grasi þarf að hirða um hann
- ▶ Markmið skógrækatandans stjórna því hvernig umhirðu er háttað. T.d. er nytjaskógur hirtur á annan hátt en yndisskógur eða beitaraskógur
- ▶ Í þessu erindi er áherslan á yndisskóg því markmiðið hjá flestum okkar er á þeim nótum
- ▶ Farið verður yfir helstu umhirðuaðgerðir, verkfæri, aðferðir, tímasetningu og mismun á milli trjátegunda þegar kemur að umhirðu

Tilgangur umhirðu

- ▶ Vöxtur og þróttur skógarins helst góður
- ▶ Skógurinn er heilbrigðari
- ▶ Fallelegri og aðgengilegri skógur
- ▶ Gallar lagfærðir, þannig komið í veg fyrir stærri skaða síðar.
- ▶ Hægt að skapa ákveðna upplifun með umhirðu
- ▶ Skógræktandinn kynnist skóginum sínum betur
- ▶ Núvitundaræfing skógræktenda

Hvenær á að hirða um skóg

- ▶ Best að byrja snemma, helst um leið og galla verður vart
- ▶ Þegar skógræktanda finnst að eigi að hirða um skóg
- ▶ Þumalputtaregla fyrir hvenær á að grisja er þegar græni hluti krónunnar er 50% af hæð skógarins
- ▶ Haust umhirða vafasöm vegna hættu á sveppasýkingu.
- ▶ Þægilegast er að hirða um skóg á veturna, þá sést hann betur vegna laufleysi trjána
- ▶ Hægt að hirða um skóg mest allt árið

Umhirðu aðgerðir

- ▶ Áburðargjöf á skóg sem ekki vex vel er umhirðuaðgerð
- ▶ Endur gróðursetning í eyður sem hafa misfarist er umhirðuaðgerð.
- ▶ Tvítoppaklipping
- ▶ Uppkvistun
- ▶ Snemmgrisjun
- ▶ Grisjun



Tvítoppaklipping

- ▶ Oft verða toppar ungra trjáa fyrir skemmdum, einkum vegna kals. Í mörgum tilfellum nær tréð ekki að mynda einn ríkjandi topp og til verða margir. Þetta leiðir til þess að stofninn verður hlykkjóttur og margtoppa. Mjög mikil hættu er á að margtoppa tré a brotni undan vind og snjó álagi.
- ▶ Koma má í veg fyrir neikvæð áhrif skemmda með því að klippa aukatoppa sérstaklega ef það er gert þegar trén eru ung.
- ▶ Vanda skal valið á toppum sem á að halda.
- ▶ Klippa skal greinarnar eins nálægt stofni og hægt er



Tvítoppaklipping



Uppkvistun

- ▶ Er umhirðu aðgerð þar sem neðstu greinar eru fjarlægðar af standandi lifandi trjából
- ▶ Með uppkvistun verður auðveldara að ganga um skóginn og hægt að fá kvistlausan við seinna
- ▶ Flestar trjátegundir má uppkvista í hálfa hæð trésins
- ▶ Ekki þarf að uppkvista öll tré í skóginum
- ▶ Til að viðhalda skjóli skógarins ætti að fara varlega í að opna skógarjaðarinn
- ▶ Best er að uppkvista á meðan greinar eru enn tiltölulega litlar

Uppkvistun

- ▶ Saga eða klippa skal greinar eins þétt við stofn og hægt er. Passa skal að særa ekki börkinn.
- ▶ Ef ekki er sagað þétt við stofn verður eftir greinabútur sem er lengi að lokast og eikur hættu á sýkingum og myndar dauð kvist í viðnum.
- ▶ Ekki má brjóta greinarnar af stofninum í stað þess að saga.
- ▶ Náttúruleg viðbrögð trésins við slíkum skemmdum er að fylla holurnar af harpíxi. Á meðan holan er að lokast getur runnið harpíx úr sárinu, sem gerir sárið þeim mun stærri.

Uppkvistun

Hola

Rétt

einabútur



Snemmgrisjun/grisjun

- ▶ Grisjun/snemmgrisjun eru umhirðuaðgerðir þar sem tré eru felld til að þau tré sem eftir standa hafa meira vaxtarrými
- ▶ Snemmgrisjun er grisjun á ungum skógi, ekki reiknað með miklum afurðum úr snemmgrisjun 10-20 ára allt að 8 metra háum (hér er miðað við nytjaskóg))
- ▶ Grisjun er unninn í eldri skógi (30 – 40 ára eða 10 – 12 metra hár við fyrstu grisjun (hér er miðað við nytjaskóg))




Hvaða tré á að fella?


- ▶ Þegar tré eru valinn til fellingar er oftast horft fyrst á gölluð tré (tví eða marg toppa og boginn (í Yndisskógi geta afbrigðileg tré skapað ákveðna upplifun)
- ▶ Tré sem hafa orðið undir í samkeppni og eru því minni en megnið af skóginum
- ▶ Tré sem eru sjúk eða dauð
- ▶ Tré sem standa of þétt
- ▶ Ef margar trjátegundir eru í skóginum þarf að velja þá tegund sem æskilegust er fyrir markmið skógarins
- ▶ Í yndisskógi getur mismunandi þéttleiki skapað mismunandi upplifun



Verkæri



Tvítoppaklipping	Uppkvistun	Snemmgrisjun/grisjun
(A) Handklippur	Handklippur	Bogasög
(B) Handklippur með löngu skafti (greinaklippur)	Handklippur með löngu skafti (Greinaklippur)	Keðjusög
(C) Klippur á langri stöng	Greinasög	Skógarhöggsvél
(D) Greinasög	(E) Bogasög/handsög	
	(F) Keðjusög	



Varnaðarorð um notkun keðjusaga

- ▶ Keðjusög er stór hættulegt tæki hefur valdið banaslysum erlendis
- ▶ Ljót sár sem erfitt er að loka.
- ▶ Verið aldrei ein að vinna með keðjusög, ef illa fer er ekki víst að þið náðið að kalla eftir hjálp
- ▶ Notað öryggisbúnað (Buxur með sagvörn class 1 eða meira, skóg eða stígvél með sagvörn, hjálm með heyrnarhlífum og grind fyrir andliti) þetta er ódýrasta tryggingin.
- ▶ Farið á námskeið hjá Endurmenntun FSU (Garðyrkjuskólinn)
- ▶ Farið alltaf varlega
- ▶ Verið alskáð og ekki að flýta sér um of

Sýni kennsla og verkleg æfing verður 1.júlí í Fellsmörk

